

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – nóvember 2024

## Skráð atvinnuleysi í nóvember var 3,7%

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 3,7% og hækkaði úr 3,4% frá október. Í nóvember 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 7.604 atvinnulausir í nóvember, 4.307 karlar og 3.297 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 569 frá október.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 6,5% og hækkaði úr 5,9% frá október.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2% og 1,7% á Austurlandi.

Alls komu inn 176 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember.


Atvinnulausir voru 8.113 í lok nóvember, 4.549 karlar og 3.564 konur.

Í nóvember 2024 gaf Vinnumálastofnun út 259 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 219 á höfuðborgarsvæðinu.

Í nóvember voru 243 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði á bilinu 3,8% til 4,0% í desember.

Próun atvinnuleysis frá nóvember 2022 til nóvember 2024




## Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði á flestum stöðum á landinu frá október nema á Suðurlandi, Austurlandi og á Vestfjörðum. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 6,5% og hækkaði úr 5,9% frá október. Næst mest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu eða 3,8%. Atvinnuleysi var 3,4% á landsbyggðinni í nóvember.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2% og 1,7% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í október og nóvember.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á þremur svæðum á landinu í nóvember. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 6,1% en atvinnuleysi kvenna 7,1%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í nóvember.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



## Greining atvinnuleysis

### Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.113 í lok nóvember, 4.549 karlar og 3.564 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 364 frá októberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 262.

Alls var 871 atvinnuleitandi á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 78 frá október.

Alls höfðu 1.321 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember og fjölgaði um 37 frá október. Í nóvember 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.133 og nemur fjölgunin 188 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.653 í nóvember síðastliðnum en voru 1.492 í nóvember 2023.



## Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í nóvember, mest var fjölgunin í farþegaflutningum með flugi.

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok nóvember í fjórum atvinnugreinum mest þó í fiskveiðum, -eldi og -vinnslu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok nóvember 2024

### Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


### Atvinnuleyfi

Í nóvember 2024 gaf Vinnumálastofnun út 259 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 219 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 128 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 131 leyfi var framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í nóvember, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 83 leyfi. Þá voru gefin út 75 leyfi vegna sérfræðilekkingar og 59 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í nóvember voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 39%, 26% vegna þjónustustarfa og 14% vegna starfa verkafólks. Um 21% var í öðrum starfsgreinum.


### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.543 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 494 frá október. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 56% í lok nóvember.




Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.969 sem er um 43% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og einstaklingar frá Úkraínu.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í nóvember 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, nóvember 2024



### Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 42 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í nóvember 2024 með samtals 206 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 652 í nóvember á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 35%, 27% frá Litháen og 20% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 18% starfsmanna komu frá 13 öðrum ríkjum.

### Atvinnuleit og vinnumiðlun

## Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í nóvember voru gefin út 179 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 107 einstaklingar, tólf fóru til Spánnar og 11 til Slóvakíu. Þá voru gefin út 49 vottorð til viðbótar til 16 annarra ríkja.

### Vinnumiðlun

## Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 176 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 112 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 60% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Vesturlandi og 10% á Suðurnesjum. Þá eru 17% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í nóvember 2024



## Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í nóvember voru 243 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 180 einstaklingar.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.